



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 3.mars 2021
nr. erindis 2101238 SIS

Á 407. fundi Sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 22. febrúar 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða

Svofelld bókun var gerð:

Hvorki liggja fyrir byggðarleg eða fiskifræðileg rök fyrir kvótasetningu á hrognkelsum og leggst Sveitarfélagið Skagafjörður gegn því að það verði gert. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar beinir því til ráðherra að veiðiráðgjöf um hrognkelsasveiðar verði tekin til gagnerrar endurskoðunar með aðkomu vísindamanna utan Hafrannsóknarstofnunar og samtaka smábátasjómannanna og byggi á breiðari vísindalegum grunni, eins og fyrirheit voru gefin um síðastliðið vor. Þá verði í samvinnu við sömu aðila útfærðar farsælli leiðir en úthlutun aflamarks til að stýra grásleppuveiðum sem bæði tryggja sjálfbærni þeirra og hagsmuni byggðanna sem á þeim byggja.

Ekki hafa verið færð fram veigamikil rök fyrir því að setja aflamark á grásleppu. Ljóst er að slíkt myndi koma mjög illa við mörg byggðarlög sem byggja á blandaðri sjósókn smábátaútgerða og torvelda nýliðun í greininni. Þá er hætta á samþjöppun í hrognkelsaveiðum sem gengur sömuleiðis gegn markmiðum laganna. Sterk rök þarf til að hefta atvinnufrelsi fólks en þau virðast ekki til staðar í þessu máli.

Fyrir liggur að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar vegna síðustu grásleppuvertíðar var röng og stofnstærð verulega vanmetin. Þar kom tvennt til; stofnunin byggði beinlínis á röngum útreikningum, alvarleg mistök sem hún viðurkenndi um síðir opinberlega, er ekki fyrr en aðilar utan stofnunarinnar höfðu fært sönnur á villurnar og vertíðinni var víðast hvar lokið. Þá gagnrýndu fiskifræðingarnir Bjarni Jónsson og Halldór G. Ólafsson, sem stundað hafa hrognkelsarannsóknir, einnig að ekki hafi síðustu ár verið byggt á bestu fáanlegu þekkingu á líffræði hrognkelsa, niðurstöðum merkinga, netaralla og stofnstærðarvísa eins og afla á sóknareiningu. Þær ábendingar er að finna í gögnum til atvinnuveganefndar Alþingis. Eftir nokkurn umbóttunartíma ákvað Hafrannsóknastofnun að taka að stóru leiti til greina þær ábendingar og tilkynnti að ný vinnubrögð yrðu tekin upp í haust þar sem ofangreind gögn yrðu einnig lögð til grundvallar við stofnstærðarútreikninga grásleppu og veiðiráðgjöf. Sjávarútvegsráðuneytið tilkynnti ennfremur að taka þyrfti vísindalegan grundvöll veiðiráðgjafarinnar til endurskoðunar fyrir næstu vertíð.



Hvorki Hafrannsóknastofnun né sjávarútvegsráðuneytið hafa fylgt eftir þessum fyrirheitum. Takmarkað samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila varðandi umgjörð hrognkelsaveiða og ekki hefur verið ráðist í gagngera endurskoðun á forsendum veiðiráðgjafar þar sem vísindamenn utan Hafrannsóknastofnunar sem þekkingu hafa á hrognkelsarannsóknnum eru kallaðir til. Þær breytingar sem Hafrannsóknastofnun hefur boðað eru lítilvægar, gallaðar og á margan hátt sérkennilegar og virðast benda til þess að stofnuninni takist ekki enn að ná utan um og nota þá þekkingu sem þegar er til staðar á líffræði, lífsháttum og hegðun hrognkelsa. Má í því sambandi nefna niðurstöður merkinga og dægursveiflur í hegðun sem gera niðurstöður togararalls sem beinast að öðrum tegundum, markminni. Þá er ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að afli á sóknareiningu grásleppubáta gefur beinar vísbendingar um stofnstærð. Afli á sóknareiningu var einmitt með því mesta sem lengi hefur sést á veiðisvæðum grásleppu á síðustu vertíð.

Ófullnægjandi veiðiráðgjöf og reiknimistök Hafrannsóknastofnunar urðu þess valdandi að sjávarútvegsráðuneytið taldi sig knúió á síðustu vertíð til að stöðva grásleppuveiðar fyrirvaralaust vegna mikillar grásleppugengdar og veiði á þeim svæðum þar sem grásleppuvertíðin hefst fyrr, því veiðin nálgast ráðlagt aflamagn stofnunarinnar. Það varð til þess að mjög margir grásleppusjómenn á Norðvesturlandi og til Vesturlands náðu ekki að veiða nema lítinn hluta þess afla sem annars hefði orðið. Þannig var að óþörfu afkoma fjölmargra sjómanna, fjölskyldna þeirra og byggðarlaga sem þær bitnuðu verst á í sett í uppnám vegna fyrirvaralausrar stöðvunar grásleppuveiða, án þess að þeir hefðu margir einu sinni náð að sjósetja bátana. Áður en vertíðinni lauk var ljóst að ekki hefði þurft að stöðva veiðarnar með þessum hætti því staða hrognkelsastofna var mun betri en þessir aðilar höfðu áður talið. Ef strax hefði verið brugðist við ábendingum um villur og tekið tillit þeirra vísbendinga sem óvenjugóð aflabrogð gáfu um stofnstærð, hefði verið hægt að bæta skaðann þá að einhverju leiti.

Reynslan af síðustu grásleppuvertíð undirstrikar nauðsyn þess að undirstöður veiðiráðgjafar fyrir hrognkelsi verði endurskoðuð og bætt, ekki síst með því að nýta betur þá víðtæku þekkingu sem þegar er til staðar og taka tillit til fleiri lykilkáttanna við mat á stofnstærð sem að ofan greinir. Hafrannsóknastofnun boðaði að slík vinna hæfist nú í haust og sjávarútvegsráðuneytið kallaði eftir því að það yrði gert í samvinnu við fagfólk utan stofnunarinnar og hagsmunaaðila. Eki hefur verið við það staðið. Mikilvægt er að sú vinna hefjist nú þegar.

Það ætti því að vera forgangsefni hjá sjávarútvegsráðuneyti nú að fylgja þeim fyrirheitum eftir og tryggja þannig sjálfbærni hrognkelsaveiða og hagsmuni byggðanna sem á þeim byggja.

Virðingarfyllst,
f.h. Sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar


Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri 